

20 AÐRIR HLUTIR

SEM ÞÚ VISSIR EKKI UM HEIM TUNGUMÁLANNA

ÞÝSKA og **LÚXEMBOGSKA** eru einu tungumál heims til þess að hefja nafnorð á stórum staf – þetta var þó eitt sinn algengt í öðrum germönskum málum eins og dönsku, sænsku og ensku.



ÍTALSKA varð ekki að ríkismáli Ítalíu fyrr en árið 2007! Hún er byggð á flórentískri mállýsku, en í flestum ítölskum héruðum er töluð sérstök mállýska eða tungumál (um 30 samtals).

SNEMMBÚIN MÁLTILEINKUN


Aðeins nokkurra klukkustunda gamlir eru nýburar færir um að greina á milli móðurmáls síns og erlends máls. Rannsókn frá 2013 sýndi fram á að strax í móðurkviði byrji börn að tileinka sér móðurmálið, fyrr en áður var talið.



SÉRSTÖK SPURNINGARMERKI

Í spænsku fylgja spurningum tvö spurningarmerki, eitt á hvolfi í upphafi spurnarsetningar og eitt í lok hennar, sbr. „¿Cómo estás?“. Í grísku er notast við semikommu (;) í stað spurningarmerkis.

HVAÐA TUNGUMÁL ER ÞETTA?



Voynich-handritið er bók frá 15. öld sem var skrifuð á tungumáli sem enginn getur borið kennsl á, hvað þá lesið. Því miður er enginn útdráttur fánlegur!



Á ástralska tungumálinu guugu yimithirr eru engin orð yfir hægri og vinstri. Þess í stað nota málhafar höfuðáttirnar og segja þá t.d. „Það er maur á suð-austur fótleggnum þínum“

Hvers vegna eru sum tungumál skrifuð frá vinstri til hægri og sum frá hægri til vinstri? Helsta kenningin er sú að áður fyrr hafi tegund skriffæris skipt máli: þegar skrifað var með bleki var betra að skrifa frá vinstri til þess að koma í veg fyrir að blekið klesstist.

Á **ENSKU** þýðir „gift“ gjöf, á **ÞÝSKU** þýðir það 'eitur' og á **SÆNSKU** þýðir það bæði (að vera) gift/ur og eitur.



Á **MAKEDÓNÍSKU**, getur „lele“ bæði þýtt „vá!“ og „guð minn góður!“ og þú getur sagt „lele“ eins oft og þú vilt, þannig er hægt að segja: „Lele lele lele lele, en fallegur hundur!“



Evrópskar stórborgir eru tilvaldar til þess að fylgjast með fjölbreytileika tungumála, sem dæmi eru töluð yfir 300 tungumál í London!

Hefurðu tekið eftir því að á íslensku byrjar **EKKERT** á E og endar á T?



UNGVERSKA og **FINNSKA** eru tungumál sem heyra ekki undir indó-evrópsku tungumálaættina. Þau skildust að fyrir u.þ.b. 6.000 árum, en eru enn talin skyld og tilheyra bæði finnsk-úgrísku tungumálaættinni.



HVENÆR ER LEÐURBLAKA EKKI LEÐURBLAKA?

Þegar orð á spænsku inniheldur alla fimm sérhljóða málsins er það kallað „murciéla-go“, sem þýðir „leðurblaka“.



Í meira en 300 ár var **FRANSKA** opinbert tungumál Englands. (Frá sigri Normanna eftir orrustuna við Hastings (1066) allt undir lok 14. aldarinnar).



MANX er keltneskt mál sem er skylt írsku og skoskri gallísku og er talað á eyjunni Mön á Írlandshafi.



FYRSTA PRENTAÐA MÁLIÐ

Fyrsta málið til þess að birtast á prenti var þýska. Prentvél Johannesar Gutenbergs, sem var þróuð um 1440, er talin hafa átt stórvægan þátt í að auka læsi og menntunarstig Evrópubúa.



Að örfáum undantekningum frátöldum eru einungis tvær leiðir til þess að segja „te“. Einn framburðurinn svipar til þess íslenska („té“ á spænsku, „tee“ á afrikansku). Hinn er tilbrigði á orðinu „cha“ („chay“ á hindí, „chá“ á portúgölsku). Báðar leiðirnar má rekja til Kína, en „cha“-tilbrigðið dreifðist mestmegnis í gegnum landleiðir á meðan „te“-tilbrigðið dreifðist í gegnum sjóleiðir með hollenskum verslunarmönnum.

ALGENGUSTU RÍKISMÁL HEIMS

Enska		(60 lönd)
Franska		(29)
Arabíska		(23)
Spænska		(20)
Portúgalska		(10)
Þýska		(6)

Í norsku eru tvö opinber ritmál, annars vegar **bókmál** og hins vegar **nýnorska**.

HIPPOPOTOMONSTRO-SESQUIPEDALIOPHOBIA

er á ensku hræðslan við löng orð.

26. september
Evrópski tungumáladagurinn